



FRAMTÍÐ ÍSLENSKS LANDBÚNAÐAR

**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Fræðapingi landbúnaðarins
2. febrúar 2006**

Ágætu fræðimenn,
forystumenn landbúnaðarins,
og aðrir þingfulltrúar

Íslenskur landbúnaður hefur verið svo ríkur þáttur í sögu okkar og menningu að ógerlegt er að ræða vegferð Íslendinga í aldanna rás án þess að hlutur sveitanna, bænda og búaliðs sé þar verulegur.

Fornar sögur um landnám og þjóðveldistíma eru frásagnir af bændum, framgöngu þeirra sem ræktuðu landið, enda dró Jón Ólafsson úr Grunnavík efni Íslendingasagna saman orðunum: Bændur flugust á. Í nær þúsund ár voru valdsmenn jafnframt bændur og prestar sátu kirkjujarðir, skáldin sóttu yrkisefni í náttúruna, reynslu bóndans og tilfinningar.

Landbúnaðurinn hefur verið burðarás í þjóðarsögu og þegar nýir atvinnuhættir héldu innreið sína fyrir röskum hundrað árum og hagkerfi Íslendinga tók að breytast var aflið sótt í landbúnaðinn; þaðan komu reynsla og arður sem urðu ásamt öðru undirstaða framfaranna. Íslendingum hefði ekki tekist að komast í fremstu röð meðal þjóða heims ef ekki hefði notið heimanfylgju frá íslenskum landbúnaði.

Saga byggðanna, héraðsvitund og sjálfstraust fólksins á sér djúpar rætur í sveitum landsins, einnig samstaðan sem oft lyfti grettistaki, samheldni og lýðræðisþroski sem skópu hið frjálsa og opna samfélag sem við nú njótum.

Búnaðarfélög, kaupfélög, ræktunarfélög, ungmennafélög og lestrarfélög sem sendu milli bæja bækur beint af vettvangi heimsumræðunnar mynduðu grundvöll að félaganeti sem varð uppeldisstöð stjórn mála og félagslífs, eflði sjálfstæðisbaráttuna og gerði

henni kleift að færa Íslendingum aukinn rétt og að lokum fullgildan sess í samfélagi þjóða heims.

Vitund okkar um náttúruna, lífssýn bóndans, ættjarðarástin, verðmætin sem felast í heiðum og dölum, fjallasýn og fögrum fjörðum, ám og fossum, jökulhettum sem bera við himin, hafa mótað heitar tilfinningar sem Íslendingar bera til landsins og birtast okkur í umræðum um náttúrvernd á okkar tímum. Þær hefðu ekki náð að þroskast án menningarinnar sem mannlíf til sveita hefur fósrað um aldir.

Ég nefni alla þessi þætti hér því framtíð landbúnaðarins hvílir á slíkum grunni, sækir styrk í tækifærin sem þessi arfur hefur skapað. Landbúnaður er ekki aðeins framleiðsluferli þótt vissulega sé það undirstaðan og árangur íslenskra bænda þar einkar glæsilegur – hið fjölþætta framboð á neysluvörum, nýjungar í vinnslu á mjólk og sölu á kjöti sanna ótvírætt að vel hefur tekist að færa afurðir landbúnaðarins í nútímabúning og mæta síbreytilegum markaðskröfum, nýjum smekk, áherslum á heilbrigði og hollustu, eiginleikum sem nýr lífsstíll hefur fest í sessi – en landbúnaðurinn er líka margslunginn þáttur í þjóðfélaginu, í menningu og samfélagi Íslendinga, í arfleifð og eiginleikum sem hljóta að marka framtíðarsýn. Hann hefur nært og hlúð að rótunum sem þjóðarvitund okkar sprettur af og einnig fært okkur tilvísanir, viðmið í sögum og ljóðum sem við vísum gjarnan til þegar spurt er um erindi Íslendinga.

Þess vegna er umræðan um nýsköpun landbúnaðar og framtíðarstefnu á margan hátt tengd vegferð þjóðarinnar, umræðum um þróunina á öðrum sviðum.

Stefnumótun þarf að taka mið af fjölþættri arfleifð og líka alþjóðlegum áhrifaþáttum, straumunum sem móta veröldina. Við erum ekki lengur eyland fjarri kviku breytinganna heldur hluti meginlands. Það sem setur svip á aðra mun fyrr eða síðar, frekar fyrr vegna vaxandi tengsla, gera sig gildandi hér hjá okkur. Kröfur og smekkur, viðhorf og lífsstíll sem móta með öðrum daglegt líf og valkosti í markaðsmálum munu berast hratt til okkar.

Það er mikilvægt að greina rétt hina alþjóðlegu þróun, sjá tækifærin sem hún skapar, taka með bjartsýni og sóknarhug á verkefnum sem hún færir – fara ekki í varnarstöðu því þessi þróun getur skapað íslenskum landbúnaði fjölmörg ný tækifæri; jafnvel er hægt að taka djúpt í árinna og spá því að ef við höldum rétt á spilum eigi íslenskur landbúnaður í vændum bjarta sóknartíð, vaxtarskeið sem fært getur bændum og þjóðinni allri fjölþætta ávinninga.

Nefnum aðeins nokkra þætti í alþjóðlegum tíðaranda og áherslum sem í æ ríkara mæli setja svip á veröldina, þætti sem skapa landbúnaðinum hagstæð skilyrði til að vaxa.

- Aukin áhersla á gæði matvæla, á uppruna þeirra, á sjálfbæra búskaparhætti og bein tengsl við framleiðendur.
- Auknar kröfur neytenda í efnameiri samfélögum um að maturinn sem þeir kaupa sé framleiddur í samræmi við verndun náttúrunnar, um að vita hvernig bóndinn yrkir landið, að hafa tryggingu fyrir því að varasöm efni komi hvergi við sögu, að hollusta og heilbrigði séu leiðarljós.
- Aukin áhersla á náttúruvernd, á varðveislu umhverfis, á samspil villtrar náttúru og sjálfbærs landbúnaðar, á matvælaframleiðslu sem ekki er á kostnað náttúrugæða.
- Vaxandi áhugi miljónanna sem búa í borgum á að upplifa mannlíf til sveita, fá að njóta náttúrunnar í samneyti við þá sem lifa af og með landinu sjálfu, öðlast reynslu af sveitabúskap, kynna börnum sínum lögmálin sem ríkja í náttúrunni.
- Batnandi efnahagur fólks í öllum álfum mótar ný markaðssvæði, einkum fyrir bændur sem byggja á gæðum; hagvöxturinn mun umskapa tekjuöflun og lífsstíl milljarða jarðarbúa og gerbreyta neytendamarkaði bændum í hag.
- Almennigur, einkum yngra fólk, biður í auknum mæli um vörur sem tengdar eru ákveðnum stað, ekki aðeins landi, heldur einnig byggð, jafnvel tilteknum bæ. Uppruninn verður sífellt verðmætari í verðlagningu matvælna og í þessum efnum getum við Íslendingar haft verulegt forskot um leið og við virðum alþjóðlega staðla um gæði framleiðslunnar.

Allt er þetta íslenskum landbúnaði einkar hagfellt og styrkir stöðu bænda, bæði á heimamarkaði og í sókn til annarra landa, og er þá rétt að gleyma ekki sívaxandi markaði fyrir erlenda ferðamenn sem hingað koma á hverju ári, eru nú þegar fleiri en íslenska þjóðin; tala þeirra gæti hæglega tvöfaldast á næstu tuttugu árum.

Í raun er markaður íslensk landbúnaðar þrískiptur:

- 1) Heimamarkaður sem sýnt hefur framleiðslu landbúnaðarins mikla hollustu og tekið fagnandi nýjungum í vöruþróun.
- 2) Ferðamenn sem hingað koma og vilja njóta þess besta sem Ísland hefur að bjóða, sækjast eftir lambakjöti og afurðum mjólkurbúskapar, fara heim og lofsyngja skyrið. Lífsreynslan við matarborðið er órjúfanlegur

þáttur af heppnaðri ferð ekki síður en fjöll og fossar, víðáttur óbyggðanna. Frakkar og Ítalir, svo að dæmi séu nefnd, hafa fyrir löngu skilið þetta og því er þeirra rómaði matur, hefðirnar sem sóttar eru í sveitaeldhús, ríkulegur hluti af vinsældunum sem þessi lönd njóta.

3) Útflutningur hefur verið erfitt viðfangsefni og oft án mikils árangurs en nú er greinilega að rofa til enda styður tíðarandi og tíska umhverfisvæna matargerð og það mun reynast hliðhollt íslenskum bændum. En þá er mikilvægt að ætla sér ekki um of því fáeinar stórborgir eru okkur nægileg markaðssvæði; oft hafa menn farið flatt á því að þenja sig yfir lönd og álfur.

Það er fróðlegt að velta því fyrir sér hvernig þríþættur markaður og alþjóðlegur tíðarandi varpa ljósi á tækifærin sem íslenskur landbúnaður getur nýtt á komandi árum, tækifæri sem geta orðið burðarásar í störfum til sveita og framtíðarþróun framleiðslunnar; og mikilvægt að bændur dragi lærdóma af reynslunni sem nú birtist okkur á ýmsum sviðum.

Tæknin hefur fært okkur ný tækifæri og norður í landi gerir nú tölvuvædd vinnsla kleift að merkja hvert einasta kjötstykki á þann hátt að uppruninn er öllum ljós, bæði kaupendum og þeim sem neyta; nöfn jarðarinnar, héraðsins og bóndans sjálfs geta verið skráð á merkimiða. Nú er hægt að ganga inn í kjörbúð í Grafarvogi eða Whole Foods í New York og hugsa hlýtt til Björns á Skarði, skoða mynd af beitarhaga þar sem féð dvaldi sumarlangt.

Við getum jafnvel í krafti tækninnar stigið það skref í samvinnu við veitingahúsin að vilji gestir lambakjöt þá fái þeir í hendur jarðaseðil líkt og löngum hefur tíðkast að skoða vínseðil og velji kjöt af skrá yfir nokkra bændur; myndir og texti munu þar lýsa ólíkum jörðum. Frakkar og Ítalir, svo aftur sé vikið að því góða fólki, hafa lyft verðinu á víni með þessum hætti og tæknin gerir okkur nú kleift að gera hið sama við kjötið. Ákveðnar vínekrur eru tengdar við framleiðslu eðalvíns og það sama þurfum við að gera fyrir íslenskar kostajarðir.

Reynslan frá verslunum Whole Foods vestan hafs og hana þekki ég vel frá þátttöku okkar hjóna í íslenskri matarkynningu í New York og viðræðum við stjórnendur verslananna og sendinefnd sem hingað kom og heimsótti sveitabæi til að staðreyna að sögurnar um upprunann væru sannar – reynslan frá Whole Foods sýnir okkur ótvírætt að markaður hinna efnameiri er nú reiðubúinn að greiða fyrir íslensk gæði. Við getum gert afurðir íslensk landbúnaðar að tískuvörum í öðrum löndum. Slíkt mun einnig skila sér í markaðsstyrk á heimavelli því íslenskir neytendur vilja síður vera eftirbátar hinna frægu.

Skyrið mun á næstunni slá í gegn og þá gæti eftirspurnin orðið slík að við þyrftum að framleiða það í öðrum löndum líkt og Norðmenn hafa gert með Jarlsbergsostinn og rétt að minnast þess að norskir bændur fá umtalsverðan tekjuauka af því sem framleitt er undir norsku vörumerki í öðrum löndum.

Gamli íslenski maturinn sem um aldir var hið eina sem þekktist til sveita getur einnig orðið tekjulind ef við varðveitum aðferðirnar sem ömmur og afar beittu, meðhöndlum til dæmis sviðin eins og gert var áður og höldum þannig til haga hvers konar kræsingar þau geta verið. Þegar Dorrit fór fyrst að leggja til að við byðum erlendum gestum á Bessastöðum upp á svið fannst mér það nokkuð hæpið, en hún hafði sitt fram. Við höfum oft borið á borð heila og hálfra kjamma í stórum fötum og iðulega kemur það fyrir að sviðin klárast fyrst þótt í boði séu aðrir réttir sem eru meira í alþjóðlegum matarstíl.

Við eigum vannýtta auðlind í gamla sveitamatnum og verðum að viðhalda kunnáttunni sem gerir hann að kostafæði, en megum ekki stytta okkur leið. Ég hef oft hvatt íslenska matreiðslumenn til að fara nú að skapa nýja rétti úr gamla sveitamatnum, gera það sem við borðum á þorra og ýmislegt fleira að uppistöðu í matarreynslu erlendra gesta sem hingað koma. Þessi hvatning hefur þegar borið árangur og nú í janúar var árlegur hátíðarkvöldverður Klúbbs matreiðslumeistara helgaður því sem þeir nefndu í fyrsta sinn „Hið íslenska eldhús“ og lýstu þannig yfir ríku vilja til að fara að dæmi annarra þjóða, en fræg eru hin frönsku og ítölsku eldhús svo að enn á ný sé vikið að orðsperi þeirra.

Jafnframt þarf að huga að héraðahefðum, halda til haga fjölbreytninni sem felst í ólíkum búskaparháttum, gefa þeim sem gista ólíkar byggðir kost á að neyta matarins sem þar verður til og leyfa fjöldanum sem býr í borgum að kaupa afurðir sem koma frá ákveðnum stöðum. Ég hef einnig hvatt til þess að samtök bænda, félagsskapur matreiðslumanna, ferðaþjónustan og hóteleigendur sameinist um að festa í sessi matseðla byggða á ólíkum héraðahefðum og ólíkum uppruna afurðanna svo smátt og smátt verði til byggðatengdar máltíðir í landi okkar.

Milljónir á Vesturlöndum leita nú, eins og ég áður vék að, tækifæra til að njóta náttúrunnar í samneyti við þá sem jörðina yrkja, spyrja hvort hægt sé að gefa fjölskyldum, einkum börnum, kost á að kynnast sveitalífi, upplifa nýfædd lömb á grænu túni, taka þátt í heyskap, smala af fjöllum, kætast í réttum svo að nokkur dæmi séu nefnd. Slíkar óskir kunna að vera okkur Íslendingum framandi en þó ættum við að geta skilið að ferring stórborgarlífsins er mannum ekki eðlileg. Við erum öll náttúrubörn í hjarta hvar sem búsetan kann að vera. Margir eru reiðubúnir að greiða

stórfé fyrir þessa reynslu og ég hef oft verið spurður af erlendu efnafólki hvort hægt sé að komast með börnin í íslenska sveit, hvort heldur er að vori, hausti, yfir sumartímann, eða jafnvel að vetri og skiptir þá verðið engu máli. Milljónir í Ameríku og Evrópu vestanverðri leita slíkra tækifæra í tengslum við skólafríin.

Ferðabændur hafa í vaxandi mæli orðið arðvænleg viðbót við landbúnaðinn og þar eru fjölmörg vannýtt tækifæri ef við höfum hugmyndaflug til að koma til móts við óskir gesta og öðlumst skilning á því að lífið til sveita er ekki síður auðlind sem aukið getur gjaldeyrstekjur í ferðamennsku en náttúruperlur sem nafnfrægar eru. Gleymum því ekki að tilviljun bjó til Bláa lónið og í fyrstu fannst okkur Íslendingum það ekki merkilegt en aukin sókn erlendra gesta hefur lagt grundvöll að nýrri atvinnugrein og nú eru jarðböð líka í Mývatnssveit.

Upplifun á náttúrunni er í vaxandi mæli eftirsótt og Ísland býr þar við sérstöðu á Vesturlöndum. Hér er greiður aðgangur að fjölbreyttri fegurð, ólíkri reynslu án langra ferða, tækifærum til að njóta í senn búsaðlarlegra sveita og óbyggða sem verið hafa um aldir heimkynni hesta og sauðfjár. Á komandi árum munu æ fleiri fréttu af þessum kostum og margt bendir til að ásókn Kínverja, Japana, Indverja og annarra Asíubúa muni aukast verulega. Hvernig við mætum þeim straumi mun hafa veruleg áhrif á framtíð íslensks landbúnaðar, ekki aðeins á framboð af íslenskum gæðamat fyrir þessa gesti heldur einnig hvernig þeim verður gert kleift að upplifa náttúruna í lifandi tengslum við þá sem þekkja hana best, þá sem hafa ásamt forfeðrum og formæðrum sínum lengi búið í sátt við landið.

Samspil landbúnaðar og upplifunar af náttúrunni er meðal mikilvægustu þátta í auknum gjaldeyrstekjum af ferðamennsku og framganga bænda lykilþáttur í því að gera umhverfisverndina að öflugri tekjulind. Mér er í fersku minni lýsing framkvæmdastjóra Explorers Club, hins fræga félagsskapar, sem sagði að kærasta minningin frá Íslandsdvöl hefði verið að geta lagst í grasið í nágrenni sveitabæjar, horft til himins, heyrt í hestum í fjarska og verið óáreittur í landi bóndans. Richard Wiese hefur heimsótt flestar af frægustu náttúruperlum veraldarinnar en þessi stund í íslenskum haga varð honum dýrmæt reynsla. Sannarlega er þetta bara saga af einum manni en hún er vegvísir um sóknarfæri í framtíðinni.

Ég hef drepið á ýmsa þætti, ólíka en samt tengda á margan hátt, sem endurspeglu tækifæri nýrra tíma, gefa fyrirheit um bjarta framtíð ef við höfum vit og vilja til að taka mið af breytingunum og leitum einkum kostanna sem þróunin felur í sér.

Við lifum á ögrandi tímum og nýsköpunin birtist okkur með vaxandi þunga og í æ fleiri myndum; hún getur á margan veg styrkt sóknarfæri íslenskra bænda og stuðlað að hagsæld í landbúnaði.

Vissulega munu blasa við eins og einatt áður margvíslegir erfiðleikar og hægt hefði verið að halda hér ræðu þar sem þeir væru tíundaðir. Bjartsýnin hefur þó ætíð verið eðli bóndans, að vorið komi eftir páskahret, að sólin boði þerri.

Íslenskur landbúnaður hefur á undanförnum áratugum sýnt ótrúlegan sveigjanleika, hæfni til að laga sig að nýjum kröfum; bændur hafa beitt samtakamætti til að styrkja framleiðsluna og leggja grundvöll að æ meiri fjölbreytileika.

Þróunin í veröldinni er íslenskum bændum hliðholl, tíðarandinn og alþjóðlegir straumar í lífsstíl og hollustuháttum. Sífelld meiri eftirspurn er eftir matvælum í hæsta gæðaflokki og samspil náttúrukosta og öflugs sveitalífs verður Íslendingum æ verðmætari auðlind í samkeppninni um ferðamenn, en ferðþjónusta er sú atvinnugrein sem vex nú hraðast í veröldinni.

Áhersla á heilbrigði, hollustu, umhverfisvernd, samspil manns og náttúrunnar eru viðhorf sem eflast til muna á alþjóðavelli og þau eru íslenskum landbúnaði hagstæðari en flestum öðrum. Framtíðin getur því verið björt og íslenskum bændum fagnaðarefni ef þeir og þjóðin öll bera gæfu til að nýta sóknarfærin.